

## 8. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, þriðjudaginn 8. janúar 2019.



Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar að Varmá.

Mættir stjórnarmenn: Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), formaður.  
Geirarður Long (GL), meðstjórnandi.  
Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), gjaldkeri.  
Kistrún Kristjánsdóttir (KK), varaformaður.  
Þórdís Sveinsdóttir (ÞS), varamaður í stjórn.  
Gunnar Skúli Guðjónsson (GSG), varamaður í stjórn

Stjórnarmenn sem boðuðu forföll:

Haukur Skúlason (HS), ritari.

Mættir starfsmenn:

Jón Júlíus Karlsson (JJK), framkvæmdarstjóri.  
Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH), íþróttafulltrúi

Fomaður setti fund og bauð fundargesti velkomna kl. 18:00.

### Dagskrá

#### **1. Þorablót Aftureldingar**

Þorablót Aftureldingar verður haldið 26. janúar næstkomandi að Varmá. Stefnir í frábært blót og mun aðalstjórn fjölmenna. Umræða fór fram um viðburðinn og hvernig mætti styðja við Þorablótsnefndina í undirbúningi.

#### **2. Fjárhagsstaða deilda**

Farið var yfir fjárhagsstöðu hjá tveimur deildum félagsins. Rædd var staða sunddeildar sem mun að öllum líkindum skila taprekstri þriðja árið í röð. Sigurður Rúnar gjaldkeri Aftureldingar rakti stöðu deildarinnar. Kallað verður eftir fundi með stjórn deildarinnar sem allra fyrst til að fara yfir stöðun og reyna að endurskipuleggja rekstur deildarinnar með það fyrir augum að koma í veg fyrir frekari taprekstur. Nýverið hittu framkvæmdastjóri og gjaldkeri aðalstjórnar nýtt meistaraflokksráð kvenna í knattspyrnu. Endurskipulagning er hafin á rekstri ráðsins og öflun rekstrarfés hafin af krafti. Jákvæð teikn á lofti hjá ráðinu. Fundað verður mánaðarlega með ráðinu á meðan endurskipulagningu er lokið.

#### **3. 110 ára afmæli Aftureldingar**

Ákveðið var að setja á fót afmælisnefnd Aftureldingar til að skipuleggja 110 ára afmæli félagsins sem fram fer 11. apríl næstkomandi. Ákveðið að auglýsa það á

heimasíðu Aftureldingar og óska eftir áhugasömu fólki til að sitja í nefndinni. Hátíðaraðalfundur félagsins fer fram 11. apríl í Hlégarði við þetta tilefni.

#### **4. Uppgjör deilda**

Uppgjör á fjárhagsárinu 2018 er hafið. Jón Júlíus kynnti hvernig það væri unnið að þessu sinni. Búið er að raða upp uppgjöri deilda í samræmi við væntanlega aðalfundi. Uppgjör er unnið í samvinnu milli fulltrúa Fjárhússins og fjármálafulltrúa Aftureldingar. Staðan á uppgjöri verður skýrari þegar búið er að bóka inn öll skjöl fyrir fjárhagsárið 2018. Það verk er á lokametrunum.

#### **5. Stefnumótun Aftureldingar**

Stefnumótunarvinna Aftureldingar er komin af stað á ný. Hanna Björk og Þórdís fóru aðeins yfir þá vinnu sem þau hafa unnið á síðustu vikum. Ákveðið að fela þeim að vinna málið frekar áfram í samræmi við fyrirliggjandi gögn og stefnumótunarfund Aftureldingar sem haldin var á síðasta starfsári.

#### **6. Önnur mál**

Ýmis önnur mál rædd. Umræða fór fram um Landsmót UMFÍ og hvort að Afturelding væri í stakk búið að halda slíkt mót með tilliti til aðstöðu. Einnig rætt um að hefja strax þá vinnu á framtíðarskipulagi Varmárvæðisins til næstu áratuga. Mögulega að kynna drög að þeirri vinnu á aðalfundi félagsins í vor.

Ekki var fleira gert og fundi slitið 20:00.